Á 1960. föstudag 14. október var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir: Þ.S. Ó.N. B.J. og S.S.

Fyrir var tekið.

1. Lokunarmálin. Dagblaðið Þjóðviljinn birtir í dag forsíðufregn um að V.R hafi einróma samþykkt verkfallsboðun, þ.e. að vinna ekki eftir kl: 13 á laugardögum frá 1. okt - 31. des.
2. Inntökubeiðni frá Franch Michelsen h/f.
3. Álituga með tilnefningu fulltrúa í Iðnaðarmálastofnunina.
4. Ath. sérprentanir af samningi verzlunarmannafélagsins.

Sveinn Snorrason

Ár 1960. laugardag 15. október var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir Þ.S. Ó.N. B.Ó. og B.J. svo og S.S.

Fyrir var tekið:

1. Lokunarmálin: Tilkynning barzt frá V.R. í gærkvöldi um að Fulltrúaráð V.R hafi á fundi sínum á kveðið að gera vinnustöðvun frá kl: 13 - 16 hvern laugardag frá og með 22. okt. n.k.

Málið rætt vítt og breitt. Ákveðið að boða til alm. stjórnarfundar n.k. mánudag kl: 14.00.

Vinnuveitendasambandið óskar eftir ~~[illegible]~~ að samráð verði haft við þá um mál þetta.

Sveinn Snorrason

Ár 1960, miðvikudag 19. október var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir Þ.S. Ó.N. B.J. og S.S.

Fyrir var tekið.

1. Lokunarmálin. Ó.N. og S.S. skýrðu frá fundi með sáttasemjara í gærkvöldi.
Ræddar miðlunartillögur.

Sveinn Snorrason

Ár 1960, fimmtudag 20. október var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir: Þ.S. Ó.N. B.Ó.

Fyrir var tekið:

1. Lokunarmálin: Skýrt var frá fundi stjórnar matvörukaupmanna og hverfisstjóra. Ræddir ýmsir miðlunarmöguleikar. Samþykkt að bera fram 2 miðlunartillögur.

Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1960, þriðjudag 25. október var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Mættir: IS. ÓN, BJ. og SS.
Fyrir var tekið:

1. Lokunarmálin. Sveini Snorrasyni falið að tilkynna V.R. um samþykkt sáttmálans.
2. Iðnaðarmálastofnun Íslands. Sveini falið að senda breytingartillögur við frumvarp til laga um IMSÍ. þannig að K.Í. hafi rétt til tilnefningar manns í stjórn stofnunarinnar.
3. Rætt um væntanlega nefndarskipun í nefndina samkvæmt samningunum við V.R.
4. Sveini falið að sækja um rýmkun á lokunartíma vegna samningsins.

Fleira ekki tekið fyrir
Sveinn Snorrason

Ár 1960, þriðjudag 8. nóvember var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Mættir allir stjórnarmenn og Jón Helgason
Fyrir var tekið.

1. Kaupmannasamtökin eru 10 ára í dag.
2. Rætt um fjárhagsafkomu samtakanna og áætlun til áramóta.
3. Rætt var um fjárhagsáætlun næsta árs. frestað um sinn.
4. Lokunartímanefnd. Val manna í nefndina af hálfu K.Í. til við ræðna við V.R. Stungið upp á Hirti Jónssyni og Sveini Snorrasyni.

5. Verzlunarsparisjóðurinn. Rætt um undirbúning að söfnun hlutafjár sparisjóðsins. Frestað til næsta fundar.

6. Samþykkt að fara fram á 75.000,oo króna yfirdrátt á hlaupareikningi 866. í Verzlunarsparisjóðnum.

7. Næsti fundur ákveðinn næsta þriðjudag klukkan 9.30

Fleira ekki tekið fyrir
Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1960, miðvikudag 16. nóvember var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir: P.S. B.J. B.Ó. og Ó.N.

Fyrir var tekið:

1. Bankamálin: P.S. skýrði frá því að 64 hafi neitað eftir að skrá sig fyrir hlutafé, af á-byrgðarmönnum sparisjóðsins. Skipt var nöfnum milli manna til þess að tala við og hvetja menn til þátttöku.

2. Ákveðið var að stjórnin fylgdist vel með undirbúningi undir stofnfund og samþykktir hlutafélagsins. M.a. að kanna það meðal hluthafa, hvort vilji sé fyrir því að hafa 5 manna stjórn eða 3 manna.

3. Hækkun iðgjalda um þriðjung.

4. Ákveðið að biðja verðlagsnefnd halda fund á morgun og gera tillögur, mæti með stjórninni kl. 10.

5. Ákveðið að leggja til við stjórnarfund að árshátíð verði haldin 25. febrúar n.k., ef matvöru- og kjötverzlanir samþykkja að gefa eftir kvöldið.

Sv. Snorrason

Ár 1960, fimmtudag 17. nóvember var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir: P.S. Ó.N. B.Ó. og B.J.

Verðlagsnefnd var einnig boðuð, mættir voru

Fyrir var tekið:

1) Verðlagsmál: Ábendingar til verðlagsnefndarinnar um starfsreglur. Talið rétt að safna skýrslum um samanburð veltu á árinu 1960 og 1959 miðað við hvern einstakan mánuð.

Sveini falið að semja bréf til kaupmanna með beiðni um upplýsingar um söluna undanfarið.

Sveinn Snorrason

Ár 1960 var fundur haldinn á Laugavegi 22, miðvikudag 28. desember.

Fyrir var tekið

1) Auglýsing um glóbalkvóta 1961.

Rætt var vítt og breytt um úthlutun leyfa. Sveini falið að mæta á fundi hjá ráðherra nú í dag.

Mættir: B.Ó. B.J. og S.S.

Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961. miðvikudag 4. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Umræður um útsölur o.fl. svo og sölu bent þá heildverzlunum og framleiðendum til neytenda.
2. Rætt um Verzlunarbankann. Ríflega 400 þús. hafa komið í umsóknum um nýja hluti. Dreifibréf hefur verið sent og frestur veittur til 10. janúar að skila umsóknum. Reglugerð eða uppkast að samþykktum mun verða til í vikulokin og verður þá væntanlega sent til umsagnar stjórnar K.Í.
3. Þóknun banka af diskonteruðum víxlum. Skipt þá fundi V.Í. F.Í.S. F.Í.I. og K.Í. í morgun
4. Árshátíð: Ákveðið að fresta hátíðinni þetta árið
5. Skipt þá ritnefndarfundi 28. f.m.

Allir mættir.

Fleira ekki tekið fyrir

Sveinn Snorrason

Ár 1961. miðvikudag 11. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Verzlunarbankinn. Umsóknir lágu fyrir um kr. 966 þús. króna hluti. Lagðar voru einnig um ákvörðun úthlutunar og reikna tillögur stjórnarinnar og leggja fyrir aðalfund á morgun
2. Umsóknarbeiðni þá Verzluninni Sólvangur í Vestmannaeyjum. Samþykkt.
3. Sveinn gerði grein fyrir drögum að samþykktum fyrir Verzlunarbanka Íslands h.f.
4. Undirbúningur að sameiginlegum fundi stjórna atvinnurekenda

Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961 mánudag 16 var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Sparisjóðs-Bankamál
   Breytingartillögur. Skipan í flokkar við 5. gr. Skipting í A og B. flokk verði hlutkesti.

2.

Fundi slitið –
St. Svansson

Ár 1961, mánudag 23. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið

1. Tillögur um skipan stjórnar Verzlunarbankans Íslands h.f. Viðræðufundur var haldinn fyrir hádegi í dag við fulltrúa V.Í. og F.Í.S. Tillögur okkar voru að hver hópurinn um sig tilnefndi þrjá menn í þeirri röð er þeir vildu hafa þá á lista. Hlutað yrði um hvor hópurinn hefði tölu nr. 1. en síðan yrði efsti maður hins listans nr. 2 og eftir það til skiptis. Ekki vildu þeir acceptera þetta til að byrja með. Sigurður taldi að samstarf hefði ekki verið nógu náið að undanförnu milli stjórna samtaka þeirra, sem að sparisjóðnum standa og stjórnar sparisjóðsins.
Umræður urðu nokkrar um fyrirkomulag niðurröðunar og diskussionir um væntanlega menn.
Frestað frekari umræðu til morguns.
Mættir Othar? Björgvin? B.Þ. Sigurl.Kr. Sv. Sv.

Fundi slitið
Steinn Svansson

Ár 1961, þriðjudag 24. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22 og voru sömu menn mættir og í gær.

Fyrir var tekið:

Framhald umræðu um Bankamál.

1. Samþykkt var að gera þá tillögu í sambandi við uppstillingu lista til stjórnarkjörs, þannig að kjarninn verði óbreyttur. Þ.e. nú verandi fulltrúar verði efstu menn listans, en aðrir yrðu samkvæmt ákvörðun stjórna samtakanna sjálfra. Verði þá hlutað um hver verði í fyrsta sæti listans, og verði þá fulltrúi hins hópsins í öðru sæti. Ef ekki er fallist á hlutkesti er fallist á samkomulag til tveggja ára, þannig að 1. maður í ár verði í öðru sæti næsta ár.

Steinn Svansson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961, fimmtudag 26. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22 og hófst klukkan 20.

Fyrir var tekið:

Bankamálin.

Samninganefnd K.Í. og F.Í.S. hefur fallist á tillögur okkar. Ákveðið var að kveðja stjórnarfund á morgun til afgreiðslu á niðurstöðum nefndarmanna. ~~Fara ekki~~

Þorvaldur Guðmundsson var boðaður til fundarins en var forfallaður.

Fleira ekki fyrir
Fundi slitið.

Ár 1961, mánudag 30. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið

Bankamál. Stjórn K.Í. felldi á fundi sínum 27. þ.m. þá tillögu, sem framkvæmdastjórnin hafði fengið hjá nefnd þeirri er sameiginlegar var kosin.

Rætt var um möguleika varamanna og samkomulag um lista þenna.

Sveinn Snorrason

Þriðjudag 31. janúar var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Rætt var um bankamálin á tveimur fundum og mætti Þorvaldur Guðmundsson. Heildsalar tilkynntu kl. 1800, að tillögur viðræðunefndar um sameiginlegan lista hefðu verið felldar í stjórninni deginum áður. Fundur viðræðunefndar haldinn fyrir hádegi í dag. Miklar umræður voru um ~~lista~~ væntanlega kosningu stjórnar Verzlunarbanka Íslands h.f. og framkvæmd ályktunar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fimmtudag 2. febrúar var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið.

Bankamálin:

Rætt var um bankamálið. Varaformanni falið að undirrita lista samkvæmt tillögu meiri hluta stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961, mánudag 13. febrúar var fundur haldinn í framkvæmdastjórn K.7.
Mættir voru B.Ó., Ó.N., B.J. og S.S.
Fyrir var tekið

<u>Verðlagsmál</u>: S.S. lagði fram uppkast að greinargerð og erindi um verðlagsmál til Verðlagsnefndarinnar. Farið var yfir uppkastið og gerðar smávægis breytingar á því. Samþykkt að senda greinargerðina til verðlagsnefndarinnar og afrit til viðskiptamálaráðherra.

Fleira ekki tekið fyrir.
Sveinn Snorrason

Ár 1961. þriðjudag 7. marz var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Fyrir var tekið:

a) Innflutnings- og gjaldeyrismál. Ó.N. skýrði frá því að vörur þær, sem eru á glóbalkvóta séu, að því er byggingarvörum snertir, ófáanlegar nema til hins opinbera. Sé því ekki um neinar úthlutanir að ræða og ástandið mun verra en jafnvel á dögum innflutnings-skrifstofunnar. B.Ó. skýrði frá því að út-hlutun í skófatnaði sé mjög slæm. Væri ekki nægilegt

b). Verðlagsmál. S.S. skýrði frá því að erindi K.7.

hafi verið lagt fyrir fund verðlagsnefndarinnar. Hins vegar hefur það ekki enn verið tekið til rækilegrar rannsóknar eða athugunar. Form.n. Jónas Haralz er erlendis en varamaður hans í sjúkrahúsi. Messufall er því hjá nefndinni þessa viku a.m.k.

c) Ákveðið að hafa samband við viðskiptamálaráðherra.

Fleira ekki fyrir.
Fundi slitið

Ár 1961, mánudag 20. mars var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Mættir; P.S. Ó.N. B.Ó. og B.J.

1. Formann skýrt frá því sem helzt hefði gerst hér að undanförnu.
2. Rekstursyfirlit s.l. árs lá fyrir til athugunar
3. Ákveðið að aðalfundur yrði síðasta mið-vikudag í apríl
4. Rætt um nauðsyn lagabreytinga K.7.

Fleira ekki fyrir.
Sv. Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961, fimmtudag 23. mars var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Athugaðir reikningar. Ákveðið að senda þá í endurskoðun sem fyrst.
2. Raddar uppástungur um menn í nefndir til starfa í einstökum málum fyrir aðalfund.
3. Lagabreytingar. Athugað voru lög K.Í. og nauðsyn breytinga á einstökum greinum félagslaga að fenginni reynslu.
4. Ákveðið að boða stjórn K.Í. n.k. þriðjudag:
   1. Ákvörðun um aðalfund 26. apríl.
   2. Kosning nefnda til að semja tillögur í verðlags- gjaldeyris- og innfl., skattamálum - lagabreytingar
   3. reikningar

Fleira ekki fyrir
Fundi slitið

Ár 1961, miðvikudag 5. apríl var fundur framkvæmdastjórnar haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Tillögur til lagabreytinga skv. ákvörðun stjórnarfundar orðaðar og samþykktar.
2. Raddar tillögur um ályktanir aðalfundar í einstökum málum. Ákveðið að kalla nefndirnar saman strax eftir helgina.
3. Bókhald í endurskoðun.

Sveinn Snorrason

Ár 1961 mánudag 10. apríl var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Undirbúningur aðalfundar:
   Sveinn Skýrði frá því, að viðskmrh. hefði farið utan rétt einu sinni og óskaði hann eftir því að fá frest þar til í lok þessarar viku að ræða um verðlagsmálin
   b/ uppkast að tillögum til ályktunar í verðlagsmálum, gjaldeyris- innflutnings og tollamálum
   c) tillögur í skattamálum. Frumdrög þessi voru samþykkt.
   d) Verzlunarbankanum var send blómakarfa s.l. laugardag.

Fleira ekki fyrir.

Mættir P.S. Ó.N. B.Ó. B.J. og Sv.Sn.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961, þriðjudag 18. apríl var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Fyrir var tekið.

1. Talning atkvæða um kjör fulltrúa í stjórn K.Í. næsta kjörtímabil.
Aðalfulltrúi var kjörinn Sigurður Óli Ólafsson, Selfossi með 9 atkvæðum ~~Pa~~ (4 x 2 + 1 atkv.) en Pétur Ólafsson í Reykjavík varamaður með 6. atkv. (2 x 2 + 2) þ.e. 1. maður fær tvöfalt hærra en sá, sem merktur er nr. 2. á kjörseðli.

2. Skrifstofustúlka. Erla hefur sagt upp frá 1. júní n.k. Sveini falið athuga það hvort möguleiki sé á því að Ragnheiður Kristófersdóttir og Erla gætu hætt að sér starfið sameiginlega.

3. Bréf Ymsi. Fundi slitið.
Sv. Sveinsson.

Ár 1961, þriðjudag 25. apríl var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Mættir: Psam. ÓN. og Bj.
Fyrir var tekið
Undirbúningur aðalfundar.
Sv. Sv.

Ár 1961 ~~þriðjudag~~ miðvikudag 26. apríl var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Mættir voru PS. ÓN. Bj.
Fyrir var tekið
Undirbúningur aðalfundarins.
a) Endurskoðaður reikningur lá fyrir fundinum. Ó.N. skýrir hann á fundinum í kvöld.
b) ákveðið að Sveinn flytji skýrslu stjórnar.
c) Sv. skýri tillögur til lagabreytinga.
Fleira ekki fyrir
Sv. Sv

Ár 1961 þriðjudag 16. maí var fundur stjórnar K.Í. haldinn á Laugavegi 22.
Mættir Sig.M. Þ.Í.J. og B.Guðm. – J.Matth. boðar forföll.
Fyrir var tekið:
Tillögur um skipun nefnda:
a) ritnefnd: Hjörtur Jónsson hefur óskað eftir því að losna við ritnefndarstörf næsta ár. Mælt með að Jón I. Bjarnason taki sæti hans í staðinn.
b) skattamálanefnd: Talið æskilegt að sömu menn yrðu áfram, Óskar Norðmann og Sv. Snorrason
c) Tillögur um verðlagsmálanefnd: Björn Guðmundss. Þorgrímur Tómasson. Pétur Andrésson, Sigurliði Kristj. og Þorkelfjörð Jóhannesson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

d.) Launakjaranefnd vinnuveitenda: Sigurður Magn. og Sveinn Snorrason – en Ísleifur Jónsson
auk þess Ísleifur Jónsson

2. Fundartími framkvæmdastjórnar. Ákveðið að hann skyldi að jafnaði vera á þriðjudögum kl. 1400.

3. Ákveðið að ráða Þóru Arthursdóttur sem skrifstofustúlku til reynslu í allt að 3. mánuði. kaup kr. 3.500 + 500 í ræstingu.

4. Bréf viðskiptamála um tilnefningu fulltrúa til viðræðna um tollabandalag Evrópuríkja. Stungið upp á Sigurði Magnússyni.

Sveinn Snorrason

Ár 1961 þriðjudag 23. maí var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Formaður kom með uppástungu um merki fyrir samtökin, bæði til þess að menn bæru í barmi sér og eins til þess að hafa á bréfahaus o.s.frv. Sveini falið að tala við Halldór Pétursson og Atla Má.

2. Verðlags og launakjaramál og söluskattsmál rædd

3. Formaður kom með uppástungu um að kaupmannasamtökin kæmu sér uppi þjónustu í sambandi við ýmislegar vörur og tæki sem nota þarf við verzlunarrekstur, innkaup í stærri stíl o.s.frv.

4. Formaður benti á nauðsyn þess að félagsgjöld og réttindi væru samrýmd meira. Urðu um um þetta nokkrar umræður. Í þessu sambandi komu fram nokkrar umræður um aðild kaupmanna að Verzlunarráði Íslands og iðgjöld kaupmanna til þess. Komu fram hugmyndir um nánari samstarf ~~með~~ við Verzlunarráðið með það fyrir augum að gera rekstrinum hagkvæmari. Ákveðið að fá formenn matvörukaupmanna, vefnaðarvörukaupmanna og kjötverzlana á næsta stjórnarfund, næsta þriðjudag.

Mættir: SM. ÞJ. J.Matth. og BG.

Sveinn Snorrason

Ár 1961 þriðjudag 30. maí var fundur haldinn Laugavegi 22.

Mættir auk framkvstj. Guðm. Ingim. Sveinbj. Árnason

Fyrir tekið:

1. Tillaga um samræmingu á gjöldum og réttindum. Rætt var á breiðum grundvelli um helztu sjónarmið, sem til greina koma um ákvæði um

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atkvæðisrétt, þ.e. hvort atkvæði skuli fylgja hverri verzlun, sem greitt er fyrir, hvort einn aðili, með fleiri búðir skuli aðeins. Urðu um þetta allmiklar umræður og var Sv. Sn. að lokum falið að semja frumdrög að tillögum um þessi mál.

2. Bréf Verzlunarmannafélagsins um kröfur um breytingar á samningi félagsins. Var farið yfir kröfurnar. Ákveðið að hafa samráð við aðra vinnuveitendur

3. Umræður um frumvörp til laga og reglugerðar um tollvörugeymslur.

Sveinn Snorrason

Ár 1961, þriðjudag 6. júní var fundur haldinn á Laugavegi 22

Fyrir var tekið

Almennar umræður um kröfur V.R. um breytingu kjarasamnings. Ákveðið að halda almennan fund 8. þ.m. til að skýra samningatillögurnar fyrir félögum. Sveini falið að flytja framsögu. Ákveðið að setja grein um kjör verzlunarmanna í dagblöðin

Fleira ekki fyrir

Ár 1961. þriðjudag 20. júní var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir: SM. Ísl. J. B. Guðm. Forf.: J. Matth.

Fyrir var tekið:

Kjara og verðlagsmál.

Formaður skýrði frá fundi sínum og form. Verzlunarráðs og F.Í.S. við ráðherra og miðstjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins í gær.

Almennt rætt um verðlagsmál.

Fleira ekki fyrir.

Sveinn Snorrason

Ár 1961, þriðjudag 4. júlí var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Forfallaðir: Bj. Guðm. og Jón Matth.

Fyrir var tekið:

1. Erindi Reykjavíkursýningarnefndar vegna yfirlitssýningar um þróun Reykjavíkur vegna 175 ára afmælis hennar, rætt og tillögur gerðar um hvað helzt myndi hægt að gera á svo skömmum tíma sem til stefnu er. Rætt um að hafa Reykjavíkurmerkið og fána til að skreyta með glugga og búðir hátíðavikuna. Ákveðið að formaður og frkvstj. hefðu samband við hátíðanefndina.

2. Formaður skýrði frá viðræðufundum við ráðherra Sjálfstæðisflokksins svo og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðskiptamálaráðherra 26. f.m., svo og bréfum, sem F.Í.S., K.Í. og V.Í. skrifuðu viðkomandi aðilum ítrekun á erindum.

Sv. Sv.

Ár 1961, þriðjudag 18. júlí var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir voru SM. ÞJ. BG. og ÞMath.

Sigurður Magnússon skýrði frá samningaviðræðum við V.R. og samningsgerð.

Ennfremur skýrði hann frá viðræðum við ráðherra í sambandi við verðlagsmálin.

Ákveðinn fundur í kvöld vegna samkomulagsins. Lagt til að samkomulagið verði staðfest.

Sveinn Snorrason

Ár 1961, fimmtudag 20. júlí var haldinn sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og verðlagsmálanefndar.

Fyrir var tekið:

Formaður skýrði frá því að verðlagsmálanefnd ríkisstjórnarinnar hafi boðað til fundar á morgun kl. 4. e.h.

Urðu síðan allmiklar umræður um verðlagsmálin á breiðum grundvelli.

Fundi slitið

Ár 1961. miðvikudag 26. júlí var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Formaður varpaði fram spurningu um, hver skyldi vera afstaða til fyrirvara í samningunum við V.R. um næstu mánaðamót, ef leiðrétting væri ekki komin á verðlagsákvæðunum. Kvaðst hann óttast að það gæti haft pólitískt hættulegar afleiðingar fyrir V.R., ef samningurinn verður ekki.
Ákveðið var að halda stjórnarfund á morgun og skýra frá því sem gert hefur verið í verðlagsmálunum og leggja til við félagsmenn að gera ekki fyrirvarann virkan.

Sveinn Snorrason

Ár 1961, þriðjudag 8. ágúst var haldinn fundur í framkvæmdastjórn K.Í.

Mættir: SM. Isl.J. BjGuðm. ÞorvG. og Sv. Sv.

1. Reykjavíkur sýning: BG og Sv. skýrðu frá því sem gert hefði verið í sambandi við sýninguna. Sveini falið að hafa samband við formenn sérgreinafélaga í sambandi við myndun af nýbyggingunum. Enn-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fremur að athuga hvort möguleiki á
dagskrá útvarpsstjórnarinnar.

2. Verðlagsmál: Sigurður skýrði frá erindi
F.Í.S. KRON, K.Í. og V.Í. til viðskiptamrh.
hinn 3. þ.m. og las hann það erindi.
Rakti hann síðan það sem fram kom
á fundinum, en aðalinnihald hans
var það að ráðherra og ráðuneytisstjóri
viðurkenndu að affarasælasta lausn
verðlagsmála væri afnám þeirra,
en með því almenningur hefði ekki öðlast
þroska til þess að skilja þessi augljósu
sannindi, væri ekki hægt að afnema
verðlagsákvæðin meðan almenningur hefur
trú á þeim.
Eftir það skýrði formaður frá erindi til
ráðherra Sjálfstæðisflokksins og las það.
Formaður hafði þegar á laugardag samband
við fjármálaráðherra, þar sem þessi mál
voru mjög rædd. Iðnaðarmrh. ~~og~~ viðskmrh.
höfðu með fallið að heyra tillögur kaupsýslumanna.
Í dag var svo haft samband við iðnaðarmrh.
Farið var yfir lista um vöruflokka, sem óhjákvæmilega
þyrfti að undanþiggja verðlagsákvæðum.

Sveinn Snorrason

Ár 1961, föstudaginn 18. ágúst kl: 15.
Fundur að Laugavegi 22.
Mættir: S.M. F.J. Þorv. Guðm.

1. Form. skýrði frá því í sambandi við verðlagsmálin
að ráðherrarnir dr. Gylfi og Ingólfur hefðu útbúið
lista um þær vörutegundir, sem lagt væri til
að gefið verði frjálst, svo og um tillögur
að öðru leyti. Með því að allir ráðherrar hafa
hins vegar ekki ennþá tjáð sig um tillögurnar.
Verða þær ekki birtar okkur fyrr en á mánudag.
2. Samþykkt að senda borgarstjóra blóma-
körfu með heillaóskum í tilefni 175 ára
afmælis Reykjavíkur.

Sv. Snorrason

Ár 1961, þriðjudag 22. ágúst var fundur
haldinn á Laugavegi 22.
Allir mættir nema J. Math., sem er veikur.

1. Formaður skýrði frá fundi sínum við landbún-
aðarráðherra um tillögur ríkisstjórnarinnar
í verðlagsmálum.
2. Ákveðið að halda annan stjórnarfund
og fund með verðlagsnefnd í kvöld
[illegible] 9.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961. fimmtudag 24 ágúst var haldinn sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og verðlags-nefndar.

Mættir SM. Bl.J. BG. Sigk. og Þ.Tóm.

Fyrir var tekið

1. Formaður skýrði frá fundi með landbúnaðarráðherra í dag og niðurstöður og tillögur ríkisstjórnarinnar til bóta í verðlagsmálunum.

Var farið yfir tillögurnar í einstökum atriðum. Gagnrýni kom fram, sérstaklega vegna járnvöru og byggingarvöruverslana.

Ár 1961. fimmtudag 14. september var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Mættir: SM og Bl.J. Sv.hr.

Tilkynning Sv.Snorrasonar um að hann óskaði breytingar á ráðningarsamningi eða uppsagnar. Rætt um möguleika á breytingu samningsins þannig að Sveini væri veitt rýmri heimild til lögfr. starfa og skrifstofur sam-

einaðar að einhverju leyti eða öllu.

2. Verzlunarskólinn óskar eftir fyrirlestri eða erindi n.k. fimmtudag 21. þ.m. um hagnýt verzlunar og afgreiðslustörf.
Athuga, Sveinbjörn Árnason og Pétur Sigurðsson, Kolbein Kristinsson og Þorvald Guðmundsson.

3. Reykjavíkurkynningin: Eindregið mótmælt að greiða þann kostnaðarreikning sem þar hefur verið lagður. Sveini falið að hafa samráð við Haftein Sigurðsson um afgreiðsluna.

Ár 1961. þriðjudag 3. október var fundur haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Skýring á 14. gr. kjarasamnings V.R. Form. og varaform., sem tóku þátt í samningunum töldu að fyrirvarinn ætti að standa, eða sá hefði verið tilgangur samningsaðilanna.

2. Ákvörðun um stjórnarfund síðar í vikunni. dagskrá: a) Ákvörðun um fyrirkomulagsbreytingu rekstrarins og flutning skrifstofunnar í annað húsnæði.

b) Tillaga Jóns Matth. um hlutaveltu í fjáröflunarskyni til þess að koma upp hús-byggingasjóði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

c) óánægja með söluturnana í því formi sem nú er, þ.e. sala á þeim vörum, sem öðrum verzlunum er ætlað að selja. d) Verzlunartíðindum ákveðið að hafa ritstjórnarfund á morgun kl. 1400. en stjórnarfund á fimmtudag kl. 1400.

Fundi slitið.

Sv. Snorrason

Ár 1961. miðvikudag 4. október var sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og ritnefndar Verzlunartíðindanna.

Fyrir var tekið:

Formaður bauð ritnefnd og ritstjóra velkomna. Urðu almennar umræður um útgáfuna. Formaður kom með hugmynd um það, hvort ekki mundi unnt að gera blaðið útbreiddara þannig að það nái til fleiri og meira gert að því að skýra almenningi nánar frá því sem hlutverk verzlunarinnar í raun og veru er og leiðrétta þá rangtúlkun sem því miður hefur verið of algeng og að ómaklegu að undanförnu. Meira mætti einnig gera af því að birta greinar og myndir meira en gert hefur verið um starfsemi sérgreinafélaganna.

Fundi slitið

Ár 1961, miðvikudag 25. október var fundur haldinn í stjórn K.Í. að Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1) Nauðsynlegt talið að tilnefndir verði fulltrúar úr stjórninni til þess að taka þátt í fundum framkvæmdastjórnarinnar í forföllum.
2) Ákveðið að leggja til að efnt verði til bílhappdrættis með 3000 miðum pr. 100 kr. til ágóða fyrir húsbyggingarsjóð. Leitað verði samþykkis stjórnar.
3) Fundur hjá ráðuneytisstjóra í dag kl. 17⁰⁰ So.Sn. og S.M. falið að mæta.
4) Formaður lagði til að athugaðir verði möguleikar að auka áhrif verzlunarinnar í verðlagsnefnd með fjölgun fulltrúa í nefndinni og haft verði samráð við FÍS og VÍ um það. Á sama hátt verði einn fulltrúi í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða.

Mættir S.M. og F.F.

Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961, mánudag 11. desember kl: 20³⁰
var haldinn fundur í stjórn K.Í.
Fyrir var tekið:

1. Rætt var um happdrætti húsbyggingasjóðs samtakanna og ákveðið að haga framkvæmd þann veg að félögum öllum verði sendir miðarnir nú í þessari viku. Var gengið frá bréfi er fylgja skal miðunum.

2. Formaður lagði til að framkvæmdastjóra verði falið að semja yfirlitsgrein um smásöluverzlunina á síðasta ári og fékk sú tillaga nokkrar undirtektir.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið

Matth. S.Ö. B.G. og Jólf.

Ár 1961, laugardag 30. desember var fundur haldinn á Laugavegi 22.
Fyrir var tekið:

Ákveðið var að fresta drætti í happdrætti húsbyggingarsjóðsins þar til eftir áramótin, er skil hafa borizt

frá öllum aðilum, en skilagrein hefur verið mjög dræm.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1962, laugardaginn 13. janúar var fundur haldinn í hinu nýja skrifstofuhúsnæði félagssamtakanna að Klapparstíg 26.

Mættir: SM. Þlg. BjG. og Sv.Sv.

Húsnæðið var skoðað og ákveðið að kaupa gluggatjöld og auka hitann í fundarsal og á skrifstofu framkvstj., ennfremur fatahengi í forstofu.

Ákveðið að fresta fundi fram yfir 20. janúar 1962.

Sveinn Snorrason

Ár 1962 miðvikudag 24. janúar var fundur haldinn í skrifstofu formanns á Vesturgötu 2.

Fyrir var tekið:

1) Fulltrúi í undirbúningsnefnd að stofnun félags til að reka tollvörugeymslu. Sigurliði Kristjánsson var valinn fulltrúi K.Í. í nefndina.

2.) Frkvstj. lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Var áætlunin samþykkt, eins og hún lá fyrir.

3) Skipulag og staðsetning verzlunarhúsa. Samþykkt að breyta ályktunartillögunni á þann veg, að hún taki eingöngu til nýrra hverfa, sem skipulögð eru.

4) Söluturnar - lokunartími. Lagt til að leyfissystemið verði afnumið

2) Ekki aðrar vörur en reglugerðin mælir á um á daginn.

3) Búðin verði aðskilin frá öðrum búðum

4) Turnar loki kl. 22. alltaf

5) Skipulögð verði opnun búða eftir hverfum að athuguðu máli og viðræður við V.R. um breyttan vinnutíma.

6) Aðlögunartími 3-6 mánuði

7) Viðurlög - áminning eða sektir og leyfissvipting við ítrekun eða heimild til sviptingar.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið

Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1962, miðvikudag 21. febrúar var fundur haldinn í framkvæmdastjórn K.Í.

Fyrir var tekið:

1. Formaður skýrði frá viðræðum við borgarstjóra um lokunartíma sölubúða og skipulag og staðsetningu verzlunarstaða. En viðtökur við erindinu voru mjög jákvæðar. Ákveðið að bíða með nefnd.
2. Skýrsla um störf lífeyrissjóðs verzlunarmanna frá Otto Jónssyni. Lagt til að skýrslan verði lögð fyrir stóru stjórnina. Framkv.stj. leggur til að Hjörtur Jónsson verði áfram fulltrúi K.Í. í stjórn sjóðsins á næsta fundi stjórnarinnar.
3. Álagning ýmiskonar iðnaðar- og verzlunarvarning til tekna fyrir góðgerðar- og menningarmál. Skýrt var frá fundi formanns matvörukaupm. og söluturna með Samkosti. og fundi er Samkosti sótti hjá fulltrúum iðnrekenda. Ákveðið var að taka upp náið samstarf við iðnrekendur um mál þetta.
4. Erindi viðskiptafræðinema um fjárhagsaðstoð við stúdentaskipti og aðild að alþjóðasamtökum viðskiptafræðinema, kr. 2.000.-

   Lagt til að samþykkja beiðnina að því tilskyldu að F.Í.S. og V.Í. samþykki einnig.
5. a) Verðlagsmál. Formaður lagði til að baráttan væri tekin upp aftur fyrir álnavörukaupmenn. Taldi bezt að taka þetta út af fyrir sig.

   b) Björn Guðm. taldi nauðsyn á því að við hefðum að jafnaði áheyrnarfulltrúa og beina aðild að fundum verðlagsnefndarinnar.

   c) Formaður skýrði frá afstöðu V.Í. og gerðum í þessum málum.

   d) Lagt til að hvarvetna, þar sem verðlagsákvæði eru tilgreind tvenns konar, eftir því hvort flutt er beint frá útlöndum eða keypt af lager, verði innflytjanda, sem jafnframt er kaupmaður, fái að leggja á í tvennu lagi.
6. Innheimtulaun v/innheimtu söluskatts. Formaður taldi brýna nauðsyn og réttlætismál að verzlunin fengi innheimtulaun fyrir innheimtu og vörzlu söluskatts. Kvaðst hann hafa rætt við við fjármálaráðherra, sem tekið hefði vel í þetta. Talið var rétt að athuga mál þetta betur.
7. Formaður stakk upp á því að K.Í. héldi eina árshátíð sameiginlega fyrir öll félögin. Ákveðið var að reyna að koma upp sameigi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1962. fimmtudag 29. marz var fundur haldinn í stjórn K.Í. að Klapparstíg 26.
Mættir Sig.M. J.M. Ísl.J. Bj.G. Sv.Sn. og auk þess Þorv. Guðm. fulltrúi K.Í. í stjórn Verzlunarbankans.

Fyrir var tekið:

1) Aðalfundur Verzlunarbankans.
Formaður skýrði frá fundi formanna og framkv.stj. samtakanna er að bankanum standa, um samkomulag um sameiginlegan lista við stjórnarkjör.

Sigurður Magnússon

Ár 1962, mánudag 30. apríl var fundur haldinn í framkvæmdastjórn K.Í. á Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

Mætt var stjórn fisksalafélagsins, þeir Jón Guðmundsson, form. félagsins og

Jón Guðmundsson skýrði frá því, að áhugi hafi komið í ljós hjá fisksölum um aðild að K.Í. Þó þannig að viðurkennd yrðu réttindi fisksala umfram aðra til að selja fisk til neytenda. Heildsalar þeir sem með fiskverzlun eru í fisksalafélaginu. Hafi félagið því útskrifað afstöðu til þess að koma þann sínum málum. Taldi hann heppilegra að um málefni þessi yrði samið heldur en tekið yrði á málunum af hörku. Hins vegar gerði hann ráð fyrir því að ef að aðild að K.Í. yrði að ráða fram þeir jafnframt úr viðurkenndasamtökunum, en úrsögn þar og bundin við áramót með 6 mán. fyrirvara.

7 félags þeirra eru 39 aðilar.

Urðu nokkrar umræður, fyrirspurnir fram bornar á báða bóga og þeim svarað eftir því sem efni stóðu til.

Ár 1962, miðvikudag 16. maí var fundur í framkv. stjórn. Allir mættir kl. 14.00.

Fyrir var tekið

1. Talin voru atkvæði um kjör fulltrúa einstaklinga í stjórn K.Í. Þrettán kjörseðlar bárust. Kjörinn var aðalmaður Sigurður Óli Ólafsson, Selfossi, en varamaður Pétur Ólafsson, Ísafold.
2. Formaður gerði grein fyrir skýrslu sinni er hann flytur á fundinum í kvöld.
3. Framkv. stjórn flutti fram endurskoðaða reikninga
4. Lögð voru fram erindi og tillögur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur í framkv.stjórnar og verðlagsmála nefnd 29. ágúst 1962:

Formaður Sig. Magnússon skýrði störf og athuganir framkv.stjórnarinnar í sumar. Hann skýrði hina villandi skýrslu verðlagsstjóra og gerði samanburð á þeim skýrslum og skýrslunum framkvæmdastjórnarinnar.

Þá skýrði frá tveimur fundum með viðskiptamálaráðuneytisins og drænum undirtektum hans. Þó viðurkenndi hann rétt að taka sérstaklega til athugunar þá vöruflokka sem lækkað hafa tollar á lagfæringar ~~á þeim vöruflokkum sem~~ álagningu til samræmis þar við.

Að lokum skýrði formaður frá fundi með ríkisstjórninni sem væntanlega verða haldinn á morgun.

Þá voru lögð fram gögn þau er ráðherra og verðlagsnefnd voru afhent.

Sigurliði Kristjánsson: Kvaðst hafa talið að tilslökun á verðlagsákv. í fyrra hafi verið sett til þess að ~~bæta~~ hag verzlunarinnar almennt. Hins vegar hafi þetta verið túlkað þannig í blöðum að rétt væri að hafa fulla gát á því að verzlunin tæki ekki of mikið í sinn hlut. Nú sýnir það sig í sambandi við flutningsgjöld að farmflytjendum er nauðsynlegt að fá hækkun. Þetta er túlkað sem nauðsyn fyrir alþjóð, en hér er enginn eðlismunur á. Það er nauðsynlegt að það komi jafnskýrt fram að verzlunin þarf sömu leiðréttingar. Hafa ber einnig gát á aðferðum sambandsmanna og áróðri þeirra. Mikið atriði að halda uppi upplýsingastarfsemi fyrir almenning hvernig raunverulega velta skiptist, hvað fastkostnaður og hvað ekki. Landbúnaðarafurðum dreift fyrir helmings kostnaðar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1962, mánudag 22. október var fundur haldinn í framkv. stjórn K.Í. í skrifstofu formanns, Vesturgötu 2.

Fyrir var tekið:

1. Erindi Páls Sæmundssonar o.fl. um að afgreiðsla á erindi Verzlunarráðs um tilnefningu fulltrúa í stjórn V.Í.

Formaður skýrði frá afgreiðslu síðasta stjórnarfundar K.Í. 18. þ.m. og las ályktun fundarins.

Tillaga kom fram um að halda formannafund til þess að taka endanlega afstöðu til framkomins erindis um fulltrúa-, fund. Var það samþykkt og ákveðið að boða formannafund á n.k. miðvikudag ~~morgun~~ kl: 1530

Fundi slitið.

Ár 1962, þriðjudag 27. nóvember var fundur haldinn í stjórn K.Í. í skrifstofu K.Í. að Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

1. Lokunartíminn í desember. Um möguleika að því er varðar útfærslu, laugard. 15 - milli 19.
2. Form. skýrði frá viðræðum við Viðskiptamálaráðherra um verðlagsmál, og ~~toll~~
3. Formaður gerði tillögu um að strax yrði hafizt handa um endurskoðun á lögum V.Í. Óskaði hann þess að Ísleifur leiddi þá athugun eða endurskoðun. Edward Frímannsson óskar eftir því að fá að taka þátt í slíkri endurskoðun. Auk þessara lagt til að Sigurliði Kristjánsson og Sig. Óli Ólafsson verði í nefndinni. Samþ.
4. Lokunartími sölubúða. Formaður skýrði frá tillögum hans og Páls Líndal.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, mánudag 18. febrúar var fundur haldinn í framkv.stjórn K.Í. Kl. 15.30

1) Lokunarreglugerðir. Sveini falið að semja tillögu til ályktunar um afgreiðslutíma reglugerðarinnar í því formi sem hún nú er, auk þess sem sérsjónarmið komi fram.

2) Tollskrá. Sveini falið að skýra gang málanna fyrir fundinum á morgun.

3) Ritstjórn Verzlunartíðindanna. Form. skýrði frá því að hann rætt við Svein um að ritstjóri yrði jafnframt starfsmaður skrifstofunnar. Jón I. Bjarnason lýst áhuga á því að taka að sér starfið. Sigurði falið að ræða

Ár 1963, mánudag 7. maí var fundur haldinn í stjórn K.Í.

Fyrir var tekið:

1) Endurskoðaðir reikningar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, mánudag 24. júní var fundur haldinn í framkvæmdastjórn K.Í.
Fyrir var tekið:

1) Tilnefning fulltrúa K.Í. um styrktarsjóð til minningar um aldar afmæli frjálsrar verzlunar á Íslandi, en sjóður þessi er í vörzlu Háskóla Íslands. Talið var eðlilegast að formaður K.Í. á hverjum tíma ætti sæti í stjórn sjóðsins. Var Sigurður Magnússon þar tilnefndur í sjóðstjórn.

2) Lokunartími sölubúða: Formaður skýrði frá viðræðum sínum við forráðamenn V.R. um mál þetta. V.R. lýsti því yfir að þeir væru fúsir að falla frá samningsákvæðum um lokunartíma, enda verði í þess stað samið um vinnutíma. Óskaði V.R. samninga við K.Í. um þetta. Þá skýrði hann viðhorf matvörukaupmanna. Nú hefur verið ákveðið að væntanlegar breytingar 1. okt. n.k. og öll kvöldsöluleyfi verða afturkölluð þann dag.

3) Fundurinn á morgun: Tillögur um nefndaskipan
Ritnefnd: Lárus Blöndal, Leifur Sveinsson, Þorgrímur Tómasson
Skattanefnd: Haraldur Sveinsson, Sigurliði Kristjánsson
Launakjaranefnd: Sig. Magn. – Ísl. Jóns. – Hjörtur Jónsson
Verðlagsmálan: Bj. Guðm. – J. Andréss. – Sigurl. Kristj. – Þorbjörn Jóh.
+ ritföng abækur. + Eduard Frímannss. – Hjörtur Hjartarson

4) Formaður skýrði frá fundum með viðskiptamrh. fyrir viku síðan og nú í dag. Gat hann þess að bent hafi verið á þær hækkanir á reksturskostnaði m.a. vegna hækkaðs launakostnaðar o.fl. Taldi form. að ráðherra hafi sýnt nokkurt lát, a.m.k. um réttláta leiðréttingu vegna hækkana rekstrarkostnaðar, þó að síður sé að búast við auknu álagningarfrelsi.

5.) Launasamningar: Lagt til að bráðabirgðasamkomulagið verði samþykkt. Sveini falið að skýra frá gangi mála á fundum með sáttasemjurum og samninganefndum launþega.

6.) Ákveðið að boða verðlagsmálanefnd til fundar sem allra fyrst til þess að undirbúa hagskýrslugerð um afkomu verzlunarinnar í dag miðað við 1961, þar sem tillit sé tekið til þessara kauphækkana og annarra hækkana rekstrarkostnaðar.

7) Hagkaupavandamálið: Ályktun fundar stjórnar F.U. lögð hér fyrir. E.Fr. óskaði eindregið eftir stuðningi framkv.stjórnar við málið.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið.

Bj. Magnússon
E. Kristjánsson
Sverrir Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, föstudag 9. ágúst var fundur haldinn í fram-
stjórn K.Í. Mættir S.M. Jól.J. P.M. E.F.

Formaður skýrði frá umbrotum í sambandi við lokunar-málin og klofningsstarfsemi í F.M. og vinnu gegn samþ. félagsins í þessu máli og fyrirhugaðri félagsstofnun í því skyni og fundi er haldinn var í því skyni og frestun á fundinum og kosningu úrtaksnefndar. Þó mál þetta snerti fyrst og fremst F.M. þá óskar stjórn F.M. þess að stjórn K.Í. hafi forgöngu í máli þessu. Nú er spurningin, hvort ekki tímabært að setja skorður við því að menn geti verið í tveimur félögum, sem starfi í sömu sérgrein. Nú er ákveðið að halda fund hér kl: $19^{30}$ í dag og æskilegt að sem flestir mæti.

Allir mættir voru sammála um að skjóta úrtaksnefndinni frá því sjónarmiði K.Í. að hún teldi það ekki samrýmast lögum og tilgangi K.Í. og sérgreinafélaga þeirra að á sama stað væru starfandi fleiri en eitt sérgreinafélag í hverri grein. Ef af hinni nýju félagsstofnun yrði mætti telja óæskilegt að það gæti átt aðild að K.Í. og jafnóæskilegt að félagar í slíku félagi gætu einnig verið meðlimir þeirra sérgreinafélaga, er þegar störfuðu að sömu málum og þessu félagi er ætlað.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur